

## REGLUR

### um fyrirkomulag og notkun nettengdra tölvu og síma í lokuðum fangelsum.

#### 1. gr.

Fanga í lokuðu fangelsi er heimilt, samkvæmt ákvörðun forstöðumanns, að hafa aðgang að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými fangelsis á nánar tilgreindum tímum.

Tilgangurinn með því að leyfa fanga að hafa aðgang að nettengdri tölvu í lokuðum fangelsum er að gera honum kleift að fylgjast með gangi þjóðmála, að sinna persónulegum erindum við opinberar stofnanir og að sinna námi sínu og/eða vinnu.

#### 2. gr.

Óheimilt er að nýta nettengingu til að ræða um, birta eða senda frá sér nokkurt efni er varðar samfanga, starfsmenn eða starfsemi fangelsis. Jafnframt er óheimilt að taka þátt í umræðu í gegnum netið, svo sem í gegnum athugasemdakerfi fjölmiðla.

Óheimilt er að nýta aðrar nettengingar en þær sem fangelsið útvegar.

Fangi er ábyrgur fyrir allri þeirri netnotkun sem hann er skráður fyrir.

#### 3. gr.

Fanga er með öllu óheimilt að halda úti eða nýta samskiptamiðla eða eigin vefsíður, líkt og Facebook, Twitter, Instagram, Snapchat, einkamálaauglýsingar eða sambærilega miðla. Fangi ber ábyrgð á eigin vefsíðum og samskiptamiðlum.

#### 4. gr.

Fanga er með öllu óheimilt að nýta nettengingu til að nálgast klámfengið, ofbeldisfullt eða ólöglegt efni.

#### 5. gr.

Beint niðurhal af netinu á til dæmis myndefni, hljóðskrár eða öðru sambærilegu efni er aðeins heimilt ef það samræmist tilgangi reglnanna. Nettengingu má ekki nota til þess að ná í afþreyingar-efni svo sem bíómyndir, sjónvarpsþætti, tölvuleiki eða annað sambærilegt efni.

#### 6. gr.

Netnotkun og netumferð er skráð með þar til gerðum hugbúnaði sem skráir auðkennanlegar tölvuupplýsingar.

#### 7. gr.

Símar í lokuðum fangelsum eru staðsettir á hverri deild og eru símatímar samkvæmt húsreglum hvers fangelsis.

Fanga í lokuðum fangelsum er óheimilt að vera með síma í fórum sínum.

#### 8. gr.

Brot gegn ofanskráðum reglum varða viðurlögum skv. 73. og 74. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga og geta auk þess meðal annars haft áhrif á afgreiðslu beiðna um vistun í opnu fangelsi, dagsleyfi, fjölskylduleyfi, vistun utan fangelsa, rafrænt efirlit og reynslulausn. Einnig getur komið til brottflutnings af deild eða í annað fangelsi við brot á reglum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun og byggjast á heimild í 56. sbr. 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og öðlast þær þegar gildi.

*Fangelsismálastofnun ríkisins, 20. desember 2016.*

**Páll E. Winkel.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2017